

Fiskeldi Austfjarða hf.

10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Mat á umhverfisáhrifum - frummatsskýrsla

6. Umhverfisáhrif

6.11 Ferðaþjónusta og útivist



6.11 Ferðaþjónusta og útivist

6.11.1 Grunnástand

Mikill vöxtur hefur orðið í ferðaþjónustu á undanförunum árum og frá árinu 2011 hefur komum erlenda ferðamanna fjölgað verulega, eða um 16-29% á ári. Árið 2011 komu um 566.000 ferðamenn til landsins en árið 2015 voru þeir um 1,3 milljónir, þetta er um 43% fjölgun á milli greindra ára (tafla 28).¹ Árið 2016 fjölgaði ferðamönnum enn frekar og voru þeir um 1,8 milljónir. Árið 2017 fór fjöldi ferðamanna yfir 2 milljónir og árið 2018 var fjöldi ferðamanna um 2,3 milljónir. Ferðamennska hefur orðið mikilvægasta grein efnahagslífsins á fáum árum, nú er svo komið að gjaldeyrstekjur af ferðamennski eru meiri en af sjávarútvegi og álframleiðslu samanlagt.²

Tafla 28: Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á árunum 1995-2018.

ÁR	FJÖLDI FERÐAMANNA
1995	189.796
2000	302.900
2005	374.127
2010	488.622
2015	1.289.140
2018	2.343.773

Heimild. Ferðamálastofa, á.á

Ýmsar ástæður eru fyrir fjölgun ferðamanna hér á landi, fleiri flugfélög fljúga til til Íslands en það þýðir aukið sætaframboð og verð á flugmiðum er lægra en það sem áður var. Auk þess hefur komum skemmtiferðaskipa með erlenda ferðamenn fjölgað. Haf- og strandsvæði hafa lengi laðað að ferðamenn en þau einkennast oft af mikilli náttúrufegurð og fjölbreyttu lífríki. Auk þess hefur framboð á afþreyingu og ferðum tengt sjó aukist. Margir fara í fugla-, hvala- og selaskoðunarferðir, en aðrir fara í sjóstangaveiði og aðrar veiðiferðir. Íslensk stjórnvöld og mörg sveitarfélög stefna að frekari vexti í ferðaþjónustu til atvinnuuppbyggingar og aukins efnahagvaxtar, einkum á jaðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um málefni hafsins er fjallað um aðdráttarafi hafs og stranda við Ísland. Bent er á mikilvægi hafsins, vistkerfis þess og umhverfis fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustu hér á landi.³

Á Austurlandi hefur síðasta áratuginn markvisst verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu og samfara því hefur atvinnugreinin eflst og gistinóttum hefur fjölgað (tafla 29), undantekningin eru árin 2014-2015 en þá fækkaði gestakomum og gistinóttum í landshlutanum.⁴ Kannanir og greiningar hafa leitt í ljós að markaðshlutdeild Austfjarða í ferðaþjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en jafnframt eru miklir möguleikar til sóknar. Enn er þó fjöldi erlendra ferðamanna á Austurlandi fremur lítill hluti af þeim fjölda sem heimsækir Ísland.

¹ Ferðamálastofa, á.á.

² Anon, 2014.

³ Umhverfisráðuneytið, 2004

⁴ Hagstofa Ísland, 2019d



Tafla 29: Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum skráðra gististaða á Austurlandi árin 2006-2019

ÁRTAL	GESTAKOMUR	GISTINÆTUR
2006	105.957	139.575
2007	103.290	137.589
2008	101.842	128.665
2009	241.956	287.039
2010	233.054	293.354
2011	236.652	293.393
2012	281.273	349.102
2013	342.949	441.989
2014	393.170	513.439
2015	240.775	313.827
2016	287.265	374.228
2017	300.545	385.000
2018	307.883	397.175

Heimild: Hagstofa Ísland, 2019d

Í viðamikilli könnun frá árinu 2006 sem ber heitið *Ferðamenn á Austurlandi* var kannað meðal annars hvaða tegund afþreyingar íslenskir ferðmenn annars vegar og erlendi ferðamenn hins vegar sóttust eftir. Þar kom í ljós að sumarið 2005 kusu rúmlega 50% íslenskra ferðamanna sund sem afþreyingu á ferð sinni um Austurland, tæplega 50% stutta göngu utan þéttbýlis og um 35% gönguferð í þéttbýli. Erlendir ferðamenn kusu sér aðra tegund afþreyingar en 80% erlendra ferðamanna kusu stutta göngu utan þéttbýlis sér til afþreyingar og tæplega 60% gönguferð í þéttbýli (mynd 52).⁵

⁵ Djúpvogshreppur & TGJ, 2009



Mynd 52: Hlutföll erlendra og íslenskra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2005 (Djúpavogshreppur & TGJ, 2009).

Árið 2018 framkvæmdi MMR með hálfárs millibili tvær kannanir (viðauki 17) þar sem afstaða íbúa á Austurlandi til eldis á laxi við strendur Íslands var könnuð (mynd 53). Kannanirnar voru framkvæmdar í júní og desember 2018. Í júní könnuninni höfðu meira en 52% aðspurða ekki skoðun á laxeldi í sjó. 25% svarenda voru jákvæðir gagnvart fiskeldi, en þeir sem voru neikvæðir voru 23% aðspurðra. Í desember könnuninni hafði afstaða fólks til fiskeldis breyst. Þeim fækkaði sem ekki hafa skoðun á

laxeldi í sjó. Þeim sem hlynntir voru laxeldi í sjó fjölgaði og voru samtals 31%, en einnig fjölgaði þeim sem voru neikvæðir gagnvart laxeldi í sjó og var hlutfall þeirra samtals 33%.⁶



Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart eldi á laxfiski við strendur Íslands?

Tölfræði byggð á tveimur könnunum sem MMR framkvæmdi árið 2018.

Kannanir gerðar með hálfárs millibili og endurspeglar viðhorf íbúa á Austurlandi til eldis á laxi í sjókvíum. Andstæðingum sjókvíeldis fer fækkandi samkvæmt þessu

Austurland – desember 2018



Austurland – júní 2018



■ Mjög neikvæð(ur) ■ Frekar neikvæð(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar jákvæð(ur) ■ Mjög jákvæð(ur)

	Mjög neikv	Neikv	Hlutlausir	Fylgjandi	Mjög fylgjandi
Júni	10	15	52	6	17
Desember	14	17	35	24	9
Meðaltal	12,0 %	16,0 %	43,5%	15%	13%

Neikvæðir	Hlut/fylgjandi
12	43,5
16	15
	13
Avr. 14%	Avr. 29%

Mynd 53: Afstaða íbúa Austurland til eldi á laxfiski við strendur Íslands í júní og desember 2018

Á vef Ferðamálastofu koma fram mikið magn upplýsinga um ferðir útlendinga til Austfjarða og upplifun þeirra. Það sem er einkennandi er mikil sveifla í komum eftir árstíma, en mestur fjöldinn er yfir sumarmánuðina en allt að 40% ferðamanna sem sækja landið heim fara á Austfirði og svo á veturnum sækja 5% ferðamanna Austfirði heim. Annað sem er einkennandi er hversu mikil ánægja er meðal ferðamanna með Austfirði, en 94% eru mjög ánægðir eða ánægðir með dvölinu.⁷ Þó að spurt sé á Egilsstöðum þá má telja að viðhorfin sem fram koma séu og einkennandi fyrir Austfirði í heild og þá líka upplifun ferðamanna af fiskeldi.

Í greinargerð aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar er ekki að finna stefnumótun um fiskeldi aðra en þá sem lýtur að uppbyggingu og þróun atvinnulífs almennt.⁸

Í og við Seyðisfjörð er að finna ýmis konar afþreyingu. Svæðið býður upp á góða möguleika til útivistar og þar er að finna gönguleiðir sem tengja Seyðisfjörð við aðra firði. Í þéttbýlinu er að finna Tækniminjasafn Austurlands og menningarmiðstöð. Í dreifbýlinu er að finna ýmsar menningar- og náttúruminjar⁹

6.11.2 Viðmið umhverfisáhrifa

Eftirfarandi viðmið eru notuð við matið:

- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

⁶ MMR, 2018ab

⁷ Mælaborð ferðapjónustunnar, 2019

⁸ Seyðisfjarðarkaupstaður, ArkAust Björn Kritisleifsson & Verksfræðistofa Austurlands ehf., 2010

⁹ Upplýsingamiðstöð Austurlands, á.á.

- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi
- Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030

Eftirfarandi þættir verða til skoðunar við langtímavöktun á áhrifum framkvæmdar:

- Viðhorf íbúa og ferðamanna
- Breytingar á lífríki

6.11.3 Umhverfisáhrif

Firðir og fjörur setja svip sinn á Austfirði og eru mikilvægir fyrir þá sem þar búa. Ásýnd svæðanna skiptir máli auk þess að afkoma byggist að einhverju leyti á sjávarauðlindum.

Áhrifum fyrirhugaðs fiskeldis á ferðaþjónustu og útivist má skipta í nokkra þætti:

Áhrif á ásýnd fjarðanna: Fyrirhugað eldi verður sýnilegt frá ákveðnum svæðum í firðinum. Sumum ferðamönnum og þeim sem stunda útivist kann að þykja fiskeldi rýra gæði svæðisins, vegna breyttrar ásýndar þess. Athuganir (kaflí 6.10) sýna þó að ekkert svæði verður fyrir verulegri breytingu á ásýnd. Áhrif á ásýnd eru auk þess tímabundin og afturkræf.

Áhrif á ímynd svæðisins: Verði umhverfisáhrif fiskeldis talsverð eða verulega neikvæð, svo sem á vistkerfið, menningarminjar og náttúrminjar, þá má búast við að það hafi áhrif á viðhorf ferðamanna og íbúa. Samkvæmt þessu umhverfismati verður álag á lífríki svæðisins innan þolmarka og áhrif á menningarminjar og náttúruminjar verða líka óveruleg. Eldið ætti því að geta þróast í sátt við ferðaþjónustu og útivist og í mörgum tilvikum geta þessar greinar styrkt hvor aðra.

Í Noregi er að finna góð dæmi um hvernig tekist hefur að flétta saman ferðamennsku og sjókvíaeldi. Þar er ferðamönnum gefinn kostur á að heimsækja og kynna sér rekstur aðila sem stunda sjókvíaeldi. Samtals eru 16 sýningar (visningsanlegg) meðfram ströndum Noregs.¹⁰ Þar veitir opinber stofnun hefðbundnum eldisstöðvum leyfi til að reka sýningarstöðvar. Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um hvort sjókvíaeldisstöð fái heimild til að vera sýningarstöð er m.a. lögð áhersla á að hún sé staðsett á svæði þar sem mikið er af ferðamönnum.¹¹ Í staðinn fyrir að stilla uppbyggingu sjókvíaeldis á Austfjörðum upp sem ógn, ætti frekar að skoða hvernig eldið getur styrkt ferðaþjónustu á Austfjörðum.

Takmarkað rými: Fiskeldi krefst ákveðins rýmis og helgunarsvæðis, sem nýtist þá ekki til annars á meðan starfsemi er í gangi. Við athugun á þeim svæðum sem nýtt eru til útivistar og ferðaþjónustu fæst ekki séð að eldið trufla aðgengi að þeim.

Í júlí 2014 var gerð könnun á meðal ferðamanna á Vestfjörðum. Ferðamenn voru spurðir á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Ísafirði og Súðavík. Kannað var viðhorf ferðamanna til fiskeldis á Vestfjörðum. Könnunin var gerð af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða að beiðni eldisklasa Vestfjarða en í honum eru fyrirtæki í fiskeldi á svæðinu. Alls voru 98,5% þátttakenda með mjög jákvætt eða jákvætt viðhorf til Vestfjarða og enginn svarenda hafði neikvætt viðhorf til ásýndar strandlengjunnar. Náttúran, landslagið, kyrrðin og róin var einkum það sem einkenndi viðhorf þátttakenda.¹²

Könnunin leiddi í ljós að meirihluti ferðamanna telur fiskeldi ekki hafa neikvæð áhrif á strandlengju Vestfjarða. Um helmingur svarenda taldi fiskeldi hafa áhrif á heildarmynd Vestfjarða en þó ekki nægilega mikil til að skemma ásýnd þeirra. Álíka margir voru sammála (26,5%) og ósammála (22,7%)

¹⁰ Fiskeridirektoratet, 2016

¹¹ Laksetildelingsforskriften, 2011


¹² Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2014

þeirri fullyrðingu að fiskeldi hefði engin teljandi áhrif á ásýnd eða landslag Vestfjarða. Þegar spurt var um stækkun fiskeldis, voru álíka margir fylgjandi og andvígir stækkun fiskeldis.¹³

Víkuna 9-12 júlí 2019 var gerð könnun meðal ferðamanna á Austfjörðum (viðauki 16). Könnunin var framkvæmd af Fjölmíðlun ehf. að beiðni Fiskeldis Austfjarða hf.¹⁴ Til hliðsjónar var notuð sambærileg könnun sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða gerði á Vestfjörðum sumarið 2014 og voru notaðar sömu spurningarnar og aðferðafræðin hin sama.

Niðurstöðurnar á Austfjörðum ríma við könnunina á Vestfjörðum og eru engar afgerandi breytur. Spurningalisti var lagður fyrir ferðamenn á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Djúpvaggi og einungis fyrir þá sem höfðu þá þegar ferðast um Austfirði í þeim tilgangi að endurspegla viðhorf þeirra til fiskeldis á Austfjörðum.

Samtals voru 96% jákvæðir gagnvart fiskeldi á Austfjörðum. Til samanburðar þá voru 98,5% þátttakanda í könnuninni á Vestfjörðum jákvæðir (mynd 54). Almennt voru ferðamenn jákvæðir gagnvart atvinnustarfsemi á Austfjörðum og skar fiskeldi sig ekki úr annarri atvinnustarfsemi á svæðinu.




Mynd 54: Viðhorf ferðamanna gagnvart mannvirkjum eða starfsemi við strandlengju Austfjarða.

Könnunin leiddi í ljós að 91% ferðamanna telur fiskeldi ekki hafa neikvæð áhrif á strandlengju Austfjarða eða skoðun þeirra á svæðinu (mynd 55). 73% aðspurðra taldi fiskeldi ekki hafa áhrif á sjónræna upplifun þeirra af Austfjörðum. Flestir sögðu fiskeldið ekki hafa áhrif á vilja þeirra til að ferðast aftur um Austfirði eða 93%. Aðeins 7% sögðu fiskeldið mögulega hafa áhrif á áhuga þeirra til að heimsækja Austfirði aftur.


¹³ Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2014

¹⁴ Fjölmíðlun ehf., 2019



Mynd 55: Viðhorf ferðamanna vegna upplifunar þeirra af Austfjörðum.

Þegar spurt var um frekari þróun fiskeldis á svæðinu kom í ljós að frekari uppbygging myndi hafa líti áhrif á löngun ferðamanna til að heimsækja svæðið aftur (mynd 56). Álíka margir voru fylgjandi og andvígir stækkun fiskeldis en 66% telur að aukið fiskeldi muni ekki breyta skoðun þeirra á svæðinu og 89% töldu áframhaldandi uppbyggingu ekki hafa áhrif á vilja þeirra til að ferðast aftur um Austfirði.



Mynd 56: Viðhorf ferðamanna vegna frekari þróunar fiskeldis á Austfjörðum.

Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar erlendis. Könnun á áhrifum fiskeldis á ferðaþjónustu í Vestur-Skotlandi leiddi í ljós að fiskeldi þar hefur ekki afgerandi áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðið. Jafnframt kom í ljós að frekara eldi myndi ekki hafa áhrif á löngun ferðamanna til að heimsækja svæðið aftur.¹⁵ Í rannsókn sem gerð var til að kanna hvað hagsmunaaðilum í Evrópu þætti mikilvægast að hafa í huga við skipulag á haf- og strandsvæðum voru sjónræn áhrif á landslags og verndun landslags um

¹⁵ Nimmo, o.fl., 2011

miðbik eða neðri helmingi þess sem talið var mikilvægast.¹⁶ Sjónræn áhrif virðast því ekki vera eitt af helstu áhyggjuefnum.

6.11.4 Vöktun og mótvægisáðgerðir

Eldissvæðin hafa verið staðsett með tilliti til siglingaleiða og eru eldismannvirki merkt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 540/2020. Landhelgisgæslan veitti ráðgjöf um staðsetningu eldisvæða. Áhersla verður lögð á góðar merkingar á mannvirkjum til að forða óhöppum á öllum árstímum.

Fiskeldi Austfjarða munu miðla upplýsingum um vistvæna framleiðslu og sjálfbærar áherslur til íbúa og gesta á svæðinu, t.d. með upplýsingaskiltum. Slík fræðsla er líkleg til að auka jákvæðni í garð eldisins og þar með styrkja ferðaþjónustu. Framkvæmdin mun jafnframt styrkja Austfirði í heild sem umhverfisvænt matvælaframleiðslusvæði án stærri iðnaðar.

Við niðursetningu á eldiskvíum er lögð áhersla á fagurfræði, ásýnd og góðan frágang. Eldiskvíarnar eru færanlegar og eru áhrif á ásýnd svæða í þeim skilningi afturkræf. Mögulegt er að færa kvíarnar ef í ljós kemur að þær séu óheppilega staðsettar vegna siglinga eða af öðrum ástæðum.

6.11.5 Niðurstaða

Eldiskvíarnar munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðanna. Innlendar og erlendar rannsóknir benda auk þess til að breytt ásýnd muni ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu. Eldiskvíarnar munu ekki trufla aðgengi og umferð ferðamanna í firðinum. Niðurstaðan er því sú að áhrif á ferðaþjónustu og útivist verða óveruleg og afturkræf. Aukin þjónusta og umsvif vegna eldisins getur einnig styrkt ferðaþjónustu á svæðinu og þannig haft jákvæð áhrif.

¹⁶ Ramos o.fl., 2015